



## Svar

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

---

### Efni: Fyrirspurn um gjaldskrá Strætó og Pant akstursþjónustu

*Þann 1. september 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um gjaldskrá Strætó og Pant akstursþjónustu:*

*Akstursþjónustan er hugsuð sem ígildi strætó fyrir þau sem geta sjaldan eða aldrei notað hann. Því ætti verðskráin og þjónustan að vera alveg sambærileg. Ferð með akstursþjónustunni ætti ekki að vera dýrari en með strætó, ferðum ætti ekki að vera skammtað og meðan ekki er hægt að taka landsbyggðarstrætó (vegna eðlis fötlunar og vegna skorts á aðgengi í vagna og biðstöðvar) ætti að vera hægt að fara milli sveitarfélaga með akstursþjónustunni skv. gjaldskrá strætó. Þessu þarf að breyta enda hér um að ræða ósanngirni og mismunun.*

#### **Svar:**

Notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks njóta þjónustu sem er sérhæfð. Notendur eru sóttir og keyrðir heim að dyrum, geta pantað þjónustuna þegar þeim hentar, sérútbúinir bílar eru nýttir, auk þjónustu leigubíla og fleira. Þjónustustig og kostnaður akstursþjónustunnar samanborið við Strætó er því ekki sambærilegur. Ferðum í akstursþjónustuna er ekki „skammtað“ og fólk getur fengið þann fjölda ferða sem það óskar eftir. Ef ferðir eru pantaðar með fyrirvara er greitt hálf strætógjald fyrir ferðina. Ef ferðir eru pantaðar samdægurs eða eftir lokun þjónustuversins er greitt sama verð og í Strætó.

Ekki stendur til að breyta gjaldskrá akstursþjónustunnar á þessum tímapunkti. Ávallt er miðað við að hafa þjónustuna eins hagkvæma og hægt er án þess að slegið sé af kröfum um gæði þjónustunnar.